




## Hvernig gefa á símtal áfram með og án kynningar (Blind and Attended Transfer) með Yealink T41/T42 símtæki.

**Athugið:** Áframsending á símtali án kynningar (Blind Transfer) er áframsending á annað símtæki án kynningar.

Áframsending á símtali með kynningu (Attended Transfer) er símtal sem er kynnt til viðkomandi áður en það er sent áfram til hans með möguleika á að taka símtal til baka ef sá sem á að fá samtalið getur ekki tekið við því.

### Áframsending án kynningar (Blind Transfer)

- Ýtið á **“Answer”** hnappinn eða lyftið upp símtóli til að svara símtali
- Ýtið á **“Tran”** hnappinn og sláið inn innanhús númer þess sem senda á símtalið og ýtið á **“Tran”** til að klára áframsendingu.
- Símtalið hefur verið áframsent á viðkomandi símtæki.



### Áframsending með kynningu (Attended Transfer)

- Ýtið á **“Answer”** hnappinn eða lyftið upp símtóli til að svara símtali.
- Setjið viðmælanda á bið með því að ýta á **“Tran”** hnappinn og sláið inn númer starfsmanns sem áframsenda símtalið á
- Talið við starfsmann og kynnið símtalið, ef hann getur tekið símtalið ýtið þið á **“Tran”**. Ef hann getur ekki tekið símtalið ýtið á **“Cancel”** og svo **„Resume”** til að sækja viðmælanda aftur.

